

## Veröldin bíður ekki eftir okkur

Fyrsta prestastefnan sem ég sótti, fór fram á Akureyri vorið 1997. Þá voru umræður heitar um hjónaband samkynhneigðra og sýndist sitt hverjum. Ég hlustaði á skylmingar og skeggræður af lotningu og með eftirvæntingu. Þarna virtust nýir tímar vera í vændum.

### Að veita forystu eða fylgja straumum

Sum þau sem tóku til máls bentu á að kirkjan gæti brotið blað á sviði mannréttinda með því að viðurkenna réttindi Þjóðfélagshóps sem átti undir högg að sækja. Hún væri í kjörstöðu til að hafa frumkvæði með kristinn mannskilning að leiðarljósi, fremur en að fylgja straumum með semingi og tregðu.

Önnur spáðu hinum verstu hörmungum ef kirkjan tæki forystu í þessu máli og þær raddir höfðu betur um sinn. Ekkert þokaðist áfram í langan tíma. Það var ekki fyrr en tíu árum síðar, á prestastefnu 2007 sem þráðurinn var tekinn upp að nýju og aftur var tekist á af hörku. Enn liðu árin og framhaldið þekkjum við.

Það er mat mitt og sjálfsagt margra annarra að seinangangurinn í þessum málum hafi reynst okkur dýrkeyptur. Enn sárar er að hugleiða þau særindi sem margir urðu fyrir þegar stór orð voru látin falla í hita leiksins.

### Sístæð spurning

Ég rifja þessi mál upp núna, því aftur stöndum við á tímamótum í kirkjunni og skoðanir hafa verið skiptar um það hvort stíga eigi skref til breytinga. Nú beinast sjónir okkar inn á við. Á þessu kirkjuþingi hefur verið tekist á um þætti er varða sjálfstæði kirkjunnar og uppbyggingu. Margir vöruðu við þeim breytingum en sjálfur er ég í engum vafa um að hér hafi verið stigin framfaraskref:

- Samkvæmt viðbótarsamningi ríkis og kirkju frá 2019, stjórnnum við því nú sjálf hvernig við verjum þeim greiðslum sem ríkið lætur okkur í té á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins.
- Þessar greiðslur eru ekki beintengdar við fjölda meðlima í Þjóðkirkjunni heldur eru þær vísitölubundnar frá því sem var við gildistöku samningsins.
- Þetta gefur Þjóðkirkjunni einstaka stöðu samanborett við aðrar sambærilegar skipulagsheildir. Nú er loksins unnt að gera áætlanir fram í tímann og hefðbundið þras um „greiðslur til Þjóðkirkjunnar“ við gerð fjárlaga ætti að heyra sögunni til.
- Ný Þjóðkirkjulög frá 2021 gefa okkur svo mun meira svigrúm til eigin ákvarðana en lög frá 1997 gerðu.
- Kirkjuþing gegnir nú forystu innan Þjóðkirkjunnar og ber endanlega ábyrgð á fjármálum hennar.

Eins og sjá má hafa hér orðið veigamiklar breytingar á samskiptum ríkis og kirkju. Það blasir ennfremur við að fjárhagsstaða Þjóðkirkjunnar er með öllu óviðunandi. Því var eðlilegt næsta skref að ræða það hvernig Þjóðkirkjan ætti að endurskoða starfsemi sína.

## Skipulagsbreytingar

Í ársbyrjun 2021 var efnt til stefnumótunar. Þátttakendur á fjölsóttum fundi settu það meðal annars í forgang að endurskoða skipulag Þjóðkirkjunnar. Hópur var myndaður sem vann að því að mæta þeim óskum. Hann lagði til hófsamar leiðir sem fólu ekki í sér raunverulegar umbætur á innra skipulagi kirkjunnar.

Fyrir vikið settum við, þrír kirkjuþingfulltrúar, fram hugmyndir að róttækari breytingum sem við kynntum fyrir kirkjuráði með það í huga að bjóða kirkjuþingfulltrúum upp á valkost ef ofangreindar hugmyndir yrðu ofan á. Í kjölfarið var ný nefnd skipuð sem lagði svo fram tillögur að nýju fyrirkomulagi. Þar má helst nefna að:

- Rekstur Þjóðkirkjunnar, fasteignir og fjármál heyra nú undir rekstrarstofu sem lýtur stjórn framkvæmdastjóra, er starfar á vegum kirkjuþings.
- Biskup veitir forystu biskupsstofu og hefur nú aukið svigrúm til að sinna forystu í kennimannlegum efnum, vera andlit og rödd Þjóðkirkjunnar út á við og veita stuðning og sálgæslu þeim sem starfa á hennar vegum.
- Kirkjuráð sem laut forystu biskups er lagt niður.
- Framkvæmdanefnd, skipuð þremur kirkjuþingfulltrúum, fylgist með því að ákvörðunum kirkjuþings sé framfylgt.
- Í anda gegnsæis og lýðræðis þurfa fulltrúar framkvæmdanefndar að endurnýja umboð sitt árlega.
- Einnig samþykkti kirkjuþing ákvæði um það með hvaða hætti kirkjuþingfulltrúar geta lýst vantrausti á forseta kirkjuþings sem hefur aukið vægi í kjölfar þessara breytinga.

Markmið þessara breytingar eru þrenns konar: Aukið lýðræði, bætt meðferð fjármuna og loks eru þær í samræmi við upprunalegar hugsjónir okkar um eðli Þjóðkirkju – sem lýtur stjórn öflugur fulltrúavalins kirkjuþings.

## Betur má ef duga skal

Sjálfur hef ég átt sæti í fyrstu framkvæmdanefndinni sem starfar eftir þessu nýja skipulagi. Í gegnum þessi störf hef ég kynnst innviðum kirkjunnar og yfirstjórnar hennar. Að mínu mati er þörf á frekari breytingum og mun ég, fái ég stuðning til setu á kirkjuþingi, beita mér fyrir því að gengið verði enn lengra í átt til breytinga í anda lýðræðis, hagkvæmni og þeirrar guðfræði sem Þjóðkirkjan okkar byggir upphaflega á:

- Enn er biskup „starfsmannastjóri“ Þjóðkirkjunnar í ljósi þess að mannauðsmálin falla undir biskupsstofu. Þessi verkefni ættu að mínu mati að færast yfir á rekstrarstofu enda eru launagreiðslur yfir 70% af útgjöldum kirkjunnar.
- Hlutverk biskups á að felast í því að vera fremstur meðal jafningja í umræðu um málefni sem varða kristna trú og siðferði. Með því verður biskup fyrirmynd annarra leiðtoga innan kirkjunnar. Biskup hefur auk þess rýmra svigrúm til sálgæslu og hvatningar ef sjálft mannhaldið er á annarra höndum.
- Í ljósi þess að biskupsembættinu fylgir ekki lengur sú viðamikla stjórnsýsla sem áður var ætti að draga úr allri yfirbyggingu í þeim efnum.

- Samkvæmt því ætti að leggja niður embætti vígslubiskupa. Upphaflega réðu Þjóðernissjónarmið því að stofnað var til þeirra embætta. Erlendir biskupar áttu ekki að vígja íslenskan biskup. Tímabært er að endurskoða þær hugmyndir og fremur efla samskiptin við systurkirkjur okkar á Norðurlöndum og víðar.
- Þjóðkirkjan ætti ekki að standa straum af rekstri á embættisbústað biskups. Selja ætti húsnæðið að Bergstaðastræti 75. Það hentar auk þess illa til móttöku því aðgengi fyrir fatlaða er óviðunandi. Nær væri að nýta safnaðarheimili Dómkirkjunnar til slíkrar móttöku, enda er hún kirkja biskups. Sú bygging er auk þess í nálægð við margar aðrar mikilvægar sögufrægar byggingar Þjóðarinnar hvort sem það er stjórnarráðið, Alþingi, ráðhúsið eða ráðherrabústaðurinn.
- Leita á leiða til að auka arðsemi af eignasafni Þjóðkirkjunnar en kirkjan greiðir árlega hundruði milljóna með eignum sínum.
- Meðal verkefna minna hefur verið að finna aðila sem mögulega gætu leyst Þjóðkirkjuna undan afar óhagstæðum leigusamningi að Katrínartúni 4 sem gerður var til sjö ára. Hægt miðar í þeim efnum en takist að fara með starfseminna í hentugra húsnæði gæti það sparað 30-40 milljónir króna á ári.
- Þegar jafnvægi hefur verið náð í fjármálum Þjóðkirkjunnar þarf að halda áfram að auka arðsemi eigna hennar.
- Það fjármagn má svo nýta til bættrar boðunar, kærleiksþjónustu, símenntunar og annarra þátta sem styðja við starfsemi Þjóðkirkjunnar. Einkum þarf að byggja upp mannauð kirkjunnar, hlúa að starfsfólki og sjálfboðaliðum.

## Veröldin bíður ekki eftir okkur

Sagan talar til okkar og við þekkjum dæmi um það þegar óttinn við breytingar og nýja hugsun náði um stund að bæla niður háleit markmið. Þegar loks breytingar urðu, reyndust þær vera um seinan. Jafnvel þótt stór skref væru stigin, þá hafði tíminn runnið út. Umræðan um málefni samkynhneigðra ætti að vera okkur mikilvægur lærdómur í þessum efnum. Umbætur þarf að gera á réttum tíma. Veröldin bíður ekki eftir okkur.

Eftir stendur að þrátt fyrir margvíslegt mótlæti nýtur Þjóðkirkjan einstakrar stöðu í samfélaginu. Mér kemur ekki í hug nokkurt samfélag eða skipulagsheild sem getur verið knúin áfram af viðlíka sannfæringarkrafti og þeim sem kristin veitir. En til þess að við getum leyst þann kraft úr læðingi, þurfum við að endurskoða undirstöður og uppbyggingu starfsemi okkar. Að mínu mati þarf að einfalda yfirbygginguna, auka skilvirknina, tryggja gagnsæi og efla lýðræði innan kirkjunnar. Síðast en ekki síst þurfum við að hlúa að rótunum og minna okkur í sífellu á það að Þjóðkirkjur standa einungis undir nafni ef þær eru byggðar upp í tengslum við öflugt kirkjuþing.

Ég kem til með að beita mér af krafti fyrir þessum málefnum fáí ég stuðning til þess.

Með kærleikskveðju,

Skúli S. Ólafsson